


Þverhausar og  
þversagnir: Er skautun  
umræðunnar  
óhjákvæmileg  
afleiðing  
umburðarlyndis?

Henry Alexander Henrysson

Lýðræði og tjáningarfrelsi

11. desember 2023



*Universal Declaration of Human Rights*



## 19. greinin

Allir skulu frjálssir skoðana sinna og að því að láta þær í ljós. Felur sá réttur í sér frelsi til að hafa skoðanir óáreittur og að leita, taka við og miðla upplýsingum og hugmyndum með hverjum hætti sem vera skal og án tillits til landamæra

# John Stuart Mill

*Þótt gervallt mannkyn, að einum frátöldum, væri sömu skoðunar og aðeins þessi eini á öndverðum meiði, þá hefði mannkynið engu meiri rétt til að þagga niður í honum en hann til að þagga niður í því, væri það á hans valdi*

# Rök Mills

Erum ekki óskeikul

Sannleikur hvers máls er einatt margbrotnari heldur en svo að hann komist allur fyrir í ríkjandi skoðun

Skoðanir sem eru ekki ræddar verða að dauðum kreddum

Inntak skoðana gleymist ef við ræðum þær ekki

# Fyrirvarinn

*Þvert á móti geta jafnvel skoðanir glatað friðhelgi sinni, ef aðstæður valda því, að birting þeirra hvetji beinlínis til ódæðisverka*

# Frjálslyndi / umburðarlyndi



# Karl Popper

Þversögnin um umburðarlyndið

Er nokkuð mögulegt að viðhalda umburðarlyndu samfélagi án þess að vera tilbúinn að umbera ekki umburðarleysi í skoðunum?



Hefur umburðarlyndið þurft að víkja?

Skautun umræðunnar í samtímanum merki um að þversögnin sé að rætast, ef svo má að orði komast?

Sífelld algengara að kvartað sé yfir þöggunartilburðum og að umburðarlyndið sé aðeins í orði

# Tjáningarfrelsið aldrei takmarkalaust

*Mill: Samfélagið getur látið andúð eða vanþóknun á gerðum hans í ljósi með ráðleggingum, tilsögn og fortölum, og aðrir menn geta í þessu skyni forðazt hann, ef þeir telja sér það fyrir bestu*

# Ekkert til að hafa áhyggjur af þá?

## **Pólarísasjón að verða eins og sjúkdómur**

Egill Helgason, stjórnandi bókmenntaþáttarins Kiljunnar og fjölmiðlamaður, tók þátt í umræðum á Facebook um málið og gagnrýndi þá pólarísingu sem gjarnan fylgir umræðu á samfélagsmiðlum.

Hann hefur lengi verið umræðuvanur maður og vanur því að leiða saman andstæðar skoðanir í eldfimum málum og ljá ólíkum röddum farveg, nokkuð sem segja má að starf hans hafi oft gengið út á. Aðspurður um umræðuna um og við komu Hillary Clinton svarar hann: „Þessi pólarísasjón fer að verða eins og sjúkdómur – faraldur – mér finnst eiginlega óskiljanlegt að upplifa slíkt óþol gagnvart skoðunum annarra.



# Verkefni samtímans

Það verða alltaf þverhausar í samfélagssumræðunni sem leitast eftir að verða fórnarlömb þöggunartilburða

Óþol okkar fyrir gagnstæðum skoðunum – sem geta meðal annars falið í sér umburðarleysi – má ekki verða slíkt að það gangi gegn tjáningarfrelsi

Skautun sem leiðir til þöggunartilburða er ekki óhjákvæmileg niðurstaða umburðarlyndis, en þá verðum við að viðhalda trú okkar á því að tjáningarfrelsið sé *ófrávíkjanlegt skilyrði andlegrar velferðar mannkynsins*